

Skýrsla stjórnar- aðalfundur 2017

Kaffihúsafundir

Kaffihúsafundir hafa verið haldnið bæði hér í Reykjavík og á Akureyri fyrsta þriðjudag/miðvikudag í hverjum mánuði. Þeir hafa mælst vel fyrir þó mætingin sé misjafnlega góð. Þetta er hugsaður sem vettvangur fyrir fósturforeldra til að hittast, bera saman bækur og fá stuðning hvert af öðru. Við þurftum að færa fundina úr Perlunni yfir á kaffihúsið Meskí í Fákafeni vegna framkvæmda í Perlunni.

Reglulegir stjórnarfundir

Stjórnin hefur hist á ca 6-8 vikna fresti. Á fundum er m.a. farið yfir þau erindi sem hafa borist í tölvupósti frá félagsmönnum og farið yfir stöðuna á stærri verkefnum.

Fósturbörn hittast með fjölskyldum sínum

Mikilvægt er fyrir fósturbörn að hitta önnur fósturbörn svo þau átti sig á því að þau eru ekki ein og að fósturbörn eru bara ósköp venjuleg börn. Mæting hefur verið mjög dræm í gegnum tíðina og enginn viðburður var skipulagður þetta árið. Við munum ræða nýja nálgun hér á eftir sem byggir að verkefni sem Íslensk ættleiðing er með í gangi fyrir kjörbörn.

Samningur við lögfræðing

Félaginu berast reglulega erindi þar sem félagsmenn telja að lög eða vinnureglur hafi verið brotnar í málsmeðferð þeirra mála. 15.nóvember 2016 skrifaði félagið undir samning við lögfræðingin Þyrí Steingrímsdóttur um ráðgjöf og aðstoð til handa félagsmönnum. Félagsmenn geta því leitað til hennar þegar þeir telja að verið sé að brjóta lög, reglugerður eða verklagsreglur við vinnslu fósturmála sem þeim tengjast. Félagið greiðir fyrir fyrstu 3 klst.

Leitað er eftir álitum FFF í auknum mæli

Það hefur verið ánægjulegt að sjá að leitað er í auknum mæli til félagsins eftir álitum í ýmsum málum sem tengjast börnum og barnavernd. Þar má t.d. nefna umsögn um frumvarp til laga um fæðingar- og foreldraorlof og tryggingjald og umsögn um tillögu til þingsályktunar um framkvæmdaáætlun í barnavernd til næstu sveitastjórnarkosninga árið 2018.

NOFCA fundur á Íslandi

Aðalfundur NOFCA var haldinn hér á landi á vormánuðum. Það var góður fundur sem varpaði ljósi á það hvaða mál eru helst á döfinni í nágrenni okkur.

Vinnustofur

Við kláruðum vinnustofurnar sem félagið hefur verið að vinna í samstarfi við BVS og barnavernd Reykjavíkur. Forgangsröðuðum verkefnum og skiptum með okkur verkum. Félag fósturforeldra fékk það verkefni að auka fræðslu fyrir félagsmenn og er félagið búið að skoða nokkra kosti en hefur reynt erfitt að fjármagna verkefni. Það sem er á döfinni núna er mögulegt samstarf við Íslenska ættleiðingu um að flytja inn sérfræðing frá UK sem heitir Sarah Naish og er talsmaður uppeldisstefnu sem kallast Therapeutic parenting. Það er uppeldisaðferð sem hefur gefið góða raun fyrir fóstur- sem og kjörfjölskyldur.

BVS hefur óskað eftir því að hitta félagið til þess að halda áfram að vinna að forgangsverkefnum.

IFCO ráðstefnan

IFCO- ráðstefna um fósturmál var haldin á Möltu fyrr í mánuðinum. Félagið sendi tvo aðila þangað og fáum við kynningu á því hér á eftir.